

Ársskýrsla 2015

Búsetudeild Akureyrarbæjar



Höfundur Jón Óskar Ísleifsson
mynd tekin á árinu 2015

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	1
1 Almenn um búsetudeild og verkefni hennar	2
1.1 Starfsfólk, skrifstofa, skipurit og rekstur búsetudeildar	2
1.1.1 Helstu magntölur í þjónustu deildarinnar og samanburður við fyrri ár.....	3
1.1.2 Skipurit búsetudeildar desember 2015	4
Rekstarniðurstöður búsetudeildar fyrir árið 2015	5
2 Starfsemin 2015.....	6
2.1. Hugmyndafræði búsetudeildar	6
2.2. Umsóknir um húsnæði fyrir fatlað fólk.....	8
2.3 Markviss	8
2.4. SIS mat	8
2.5. Heimaþjónusta	9
2.6. Almenn félagsleg heimaþjónusta.....	9
2.6.1. Ráðgjöfin heim	12
2.6.2. Gránufélagsteymi	12
2.6.3. Heildarkostnaður við almenna félagslega heimaþjónustu.....	13
2.7. Sértek heimaþjónusta.....	14
2.8. Heimsendur matur	14
3. Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA).....	16
4. Ráðgjöf iðjuþjálfar.....	17
5. Heilsueflandi heimsóknir til aldraðs fólks	18
6. Félagsleg liðveisla	18
7. Búsetuþjónusta fyrir fatlað fólk.....	19
7.4. Þjónustukjarnar og sambýli	20
7.4.1. Áfangaheimili.....	21
7.5. Biðlistar eftir búsetuþjónustu.....	21
8. Skammtíma- og skólavistun	23


1 Almennt um búsetudeild og verkefni hennar

Búsetudeild Akureyrarbæjar veitir margvíslega þjónustu sem miðar að því að styðja við sjálfstæða búsetu fólks og/eða skapa fólki aðstæður til að lifa sem eðlilegustu lífi á heimili sínu þrátt fyrir skerðingu á færni sem kann að fylgja hækkandi aldri, fötlun eða veikindum. Auk þess að þjónusta Akureyringa sinnir deildin þjónustu við íbúa nokkurra annarra sveitarfélaga samkvæmt þjónustusamningum þar að lútandi. Réttur fólks til að fá þjónustu byggir annars vegar á þeim lögum sem skylda sveitarfélög til að veita þjónustuna og hins vegar á greiningu á þörf í hverju tilviki fyrir sig. Starfsfólk búsetuþjónustunnar skoðar hverja umsókn, metur þörfina í samráði við umsækjanda og finnur leiðir til úrlausnar. Þjónusta sem búsetudeild veitti á árinu 2015:

- Heimaþjónusta (félagsleg heimaþjónusta og frekari liðveisla)
- Heimsendur matur
- Félagsleg liðveisla
- Búseta með þjónustu (þjónustukjarnar, sambýli, áfangaheimili, heimili fyrir börn)
- Skammtímvistun fyrir fatlað fólk
- Skólavistun fatlaðra barna 10 – 20 ára
- Ráðgjöf iðjuþjálfra
- Heilsueflandi heimsóknir til aldraðra (til 1. júní 2015)
- Notendastýrð persónuleg aðstoð

1.2 Starfsfólk, skrifstofa, skipurit og rekstur búsetudeildar

Búsetudeild hefur á að skipa öflugum starfsfólki með reynslu, þekkingu og áhuga á að veita þjónustu sem löguð er að mismunandi þörfum fólks fyrir stuðning. Í árslok voru starfsmenn deildarinnar 252 talsins í 186 stöðugildum. Að auki voru 50 í tímavinnu í félagslegri liðveislu og 46 í tímavinnu í öðrum deildum búsetudeildar. Af starfsmönnum sem voru í starfsprósentu voru 85 karlar í 64,5 stöðugildum og 167 konur í 121,5 stöðugildum. Karlar voru því 34% af vinnuafli og í 35% stöðugilda og konur voru 66% af vinnuafli og í 65% stöðugilda. Er þetta sambærilegt hlutfall og árið á undan. Af tímavinnustarfsmönnum voru karlar 38 og konur 58, og eru einhverjir einstaklingar bæði í starfssprósentu hjá búsetudeild og í tímavinnu.



Mynd 1 – Kynjaskipting stöðugilda hjá búsetudeild 2008-2015

1.2.1 Helstu magntölur í þjónustu deildarinnar og samanburður við fyrri ár

Tafla 1 – Helstu magntölur í þjónustu deildarinnar og samanburður við fyrri ár

	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015
Einstaklingar sem fengu heimaþjónustu	658	679	735	782	732	785	804	803	800	848	912
Heimili sem fengu heimaþjónustu	537	566	592	630	614	575	562	584	585	610	620
Stöðugildi í félagslegri heimaþjónustu	29,6	33,9	35,5	37,2	39,3	38,8	45,3	46,5	40,3	44	46
Einstakl. sem fengu heimsendan mat	108	126	126	159	146	148	161	134	92	98	146
Einstakl. sem fengu félagslega liðveislu	100	110	106	115	100	107	114	125	127	127	120
Fjöldi sem fengu > en 10 klst. á viku í heimaþjónustu	6	13	12	14	15	15	15	18	22	24	33
Einstaklingar í þjónustukjörnum og sambýlum	46	45	46	46	48	49	49	51	53	54	62
Einstaklingar í þjónustukjörnum fyrir geðfatlaða	6	11	11	11	11	11	11	10	11	11	11
Einstaklingar á áfangaheimili						5	5	6	5	6	6
Börn í búsetuþjónustu	3	3	1	1	1	2	2	1	2	2	1
Stöðugildi í búsetuþjónustu	73	75,5	85	84	85,5	95	97,8	101,2	102,3	111,5	121,5
Fjöldi notenda skammtí mavistunar	31	26	27	25	23	20	21	21	20	19	21
Einstaklingar í dagþjónustu aldraðra	49	49	50	48	61	59	57	50	64	**	**
Beiðnir um ráðgjöf iðjuþjálfar	96	82	90	120	104	130	153	149	138	134	153
Einstaklingar sem fengu heilsueflandi heimsóknir	119	147	419	528	284	382	526	542	566	556	***


Skýringar við töflu:

*Mikil aukning á stöðugildum milli ára vegna nýs búsetuúrræðis, Borgargils sem tók til starfa í byrjun árs 2015.

**Þjónustan fluttist til Öldrunarheimila Akureyrar 1. sept. 2014.

*** Þjónustan færðist 1. júní 2015 til Heilbrigðisstofnunar Norðurlands

1.2.2 Skipurit búsetudeildar desember 2015



Rekstarniðurstöður búsetudeildar fyrir árið 2015

Tafla 2 – Rekstarniðurstöður búsetudeildar fyrir árið 2015 (í þúsund krónum)

	2014	2015	Mism. milli ára
Tekjur	-31.267	-32.829	
Laun og launatengd gjöld	37.708	42.949	
Annar kostnaður	19.029	22.130	
Skrifstofa búsetudeildar	25.470	32.250	26,62%
Tekjur	-35.844		
Laun og launatengd gjöld	49.762		
Annar kostnaður	42.843		
Þjónustumiðstöð Víðilundi	56.761		Pj. flutt
Tekjur	-3.594		
Laun og launatengd gjöld	6.164		
Annar kostnaður	14.864		
Þjónustumiðstöð Bugðusiðu	17.434		Pj. flutt
Tekjur	-8.123	-3.850	
Laun og launatengd gjöld	7.593	3.843	
Annar kostnaður	500	147	
Heilsueflandi heimsóknir til aldraðra	-30	140	Pj. flutt
Tekjur	-2.521	-3.749	
Laun og launatengd gjöld	30.373	36.864	
Annar kostnaður	11.341	8.241	
Félagsleg liðveisla fatlaðra	39.192	41.356	5,52%
Annar kostnaður	30.072	34.000	
Skólavistun fatlaðra	30.072	34.000	13,06%
Tekjur	-39.759	-44.445	
Laun og launatengd gjöld	96.449	90.997	
Annar kostnaður	26.768	27.137	
Skammtímavistun	83.458	73.689	-11,71%
Tekjur	-11.939	-12.932	
Styrkir og framlög	23.856	22.546	
Laut, athvarf f. geðfatlaða	11.918	9.614	-19,33%
Tekjur	-48.057	-39.876	
Laun og launatengd gjöld	153.361	182.321	
Annar kostnaður	53.454	50.632	
Heimaþjónusta A	158.757	193.077	21,62%
Tekjur	-84.505	-107.648	
Laun og launatengd gjöld	135.764	189.301	
Annar kostnaður	45.578	44.248	
Heimaþjónusta B	96.838	125.901	30,01%

	2014	2015	Mism. milli ára
Þjónustukaup	183.084	184.209	
Sameiginlegur kostnaður	183.084	184.209	0,61%
Laun og launatengd gjöld	160.824	178.989	
Annar kostnaður	923	1.524	
Búsetuþjónusta Geislatúni og Hafnarstræti	161.748	180.513	11,60%
Laun og launatengd gjöld	76.928	83.835	
Annar kostnaður	1.078	972	
Þjónustukjarni Klettatúni	78.005	84.807	8,72%
Laun og launatengd gjöld	33.952	40.376	
Annar kostnaður	101	541	
Búsetuþjónusta. Hvammshlíð	34.052	40.917	20,16%
Laun og launatengd gjöld		105.961	
Annar kostnaður		1.704	
Íbúðakjarni Borgargili		107.665	Nýtt
Laun og launatengd gjöld	176.505	189.270	
Annar kostnaður	1.400	1.975	
Búsetuþj. Snægili og Kjalarsíðu	177.905	191.245	7,50%
Tekjur	-19.835	-2.265	
Laun og launatengd gjöld	170.425	204.626	
Annar kostnaður	12.189	3.319	
Þjónustukjarni Þrastarlundi og Jörvabyggð	162.778	205.680	26,36%
Tekjur	-65.970	-69.371	
Laun og launatengd gjöld	148.372	199.521	
Annar kostnaður	5.425	6.857	
Þjónustukjarni Hafnarstræti	87.827	137.007	56,00%
Tekjur	-17.509	-23.999	
Laun og launatengd gjöld	141.655	160.101	
Annar kostnaður	20.566	27.173	
Búsetuþj. við geðfatlaða / Gránufélagsteymi	144.712	163.275	12,83%
Tekjur	-23.044		
Annar kostnaður	49.993	52.099	
Húsnæðiskostnaður Búsetudeildar	26.950	52.099	93,32%
Annar kostnaður	46.442	50.339	
NPA Notendastýrð persónuleg aðstoð	46.442	50.339	8,39%
Heildarkostnaður búsetudeildar	1.623.373	1.907.783	17,52%

2 Starfsemin 2015

2.1. Hugmyndafræði búsetudeildar

Á árinu var áfram unnið að innleiðingu á hugmyndafræði deildarinnar sem er tvíþætt, valdefling (empowerment) og þjónandi leiðsögn (Gentle Teaching). Valdefling snýst um að efla getu einstaklingsins til að stjórna eigin lífi, taka sjálfstæðar ákvarðanir, nýta réttindi sín og öðlast þau lífsgæði sem eðlileg þykja. Áhersla er lögð á að notendur séu virkir þátttakendur í eigin lífi og þekking þeirra, reynsla og nærvera sé nýtt sem auðlind inn í þá þjónustu sem verið er að veita. Starfsfólk og notendur vinna saman á jafningjagrunni og skipta á milli sín hlutverkum og ákvarðanatöku er varðar þjónustuna. Starfsfólkið leggur áherslu á að skapa aðstæður fyrir notendur til að geta komið í framkvæmd eigin hugmyndum svo þeir fái notið sín sem best og upplifi sig sem virka þátttakendur í samfélaginu. Á árinu var haldin fræðsla um valdeflingu í SÍMEY fyrir alla starfsmenn Búsetudeildar Akureyrar, rúmlega 200 manns. Þetta er hluti af samstarfsverkefni sem fór af stað á vormánuðum árið 2014 undir heitinu „Að efla og styrkja valdeflingu og notendasamráð í þjónustu við fatlað fólk“ en Velferðarráðuneytið gerði samning við búsetudeild Akureyrarbæjar og Sveitarfélagið Árborg um innleiðingu á hugmyndafræði valdeflingar til bæði starfsfólks og íbúa. Stefnan árið 2015 var sem áður að halda áfram innleiðingu valdeflingar með stofnun Valdeflingarhóps sem vinnur að þessu jafnframt því að þjálfa upp fleiri leiðbeinendur sem geta tekið að sér forystuhlutverk í þessu innleiðingarferli. Eins og sést á upptalningunni hér á eftir þá var unnið að ýmsum verkefnum:

- Öllum starfsstöðvum afhentar fræðslumöppur sem ætlaðar eru til að safna inn efni um valdeflingu sem hæfir hverri starfsstöð og auðveldar starfsfólki og íbúum að tileinka sér og vinna eftir hugmyndafræði valdeflingar.
- Kynning fyrir stjórnendur og fagmenn á hugmyndafræðinni á degi fyrir stjórnendur búsetudeildar.
- Kynnisferð til Reykjavíkur þar sem Hugarafi, Hlutverkasetrið og Klúbburinn Geysir var heimsóttur.
- Skrifuð grein í Iðjupjálfann, fagblað iðjupjálfafélags Íslands um verkefnið, Innleiðing hugmyndafræði valdeflingar á búsetudeild Akureyrarbæjar
- Sótt námskeið hjá Daniel Fisher hjá the National Empowerment Center.
- Sótt námskeið hjá Patch Adams.
- „Ég get, vil og skal“ Skýrsla um innleiðingu á hugmyndafræði valdeflingar í þjónustu við fólk með geðröskun sem býr í sjálfstæðri búsetu á Akureyri.
- Kynning á valdeflingarverkefninu og innleiðingunni á valdeflingunni fyrir samfélags- og mannréttindaráð.
- Fræðsluerindi fyrir starfsfólk Rósenborgar/félagsmiðstöðvar eldri borgara.
- Fræðsla fyrir starfsmenn þjónustukjarnans í Borgargili, nýjasti búsetukjarnans á Akureyri.

Samhliða því að innleiða valdeflingu var áfram unnið að innleiðingu á þjónandi leiðsögn (Gentle Teaching). Það er hugmynda- og aðferðafræði sem byggir á einstaklingsmiðaðri nálgun þar sem samskipti á milli starfsfólks og notenda eru þungamiðjan. Alúð, vinátta, umhyggja, tengsl og hvatning eru grundvallaratriði í samskiptum en skilyrt umbun og refsingar eru ekki viðurkenndar sem aðferð. Skipulag og lausnir byggðar á mannlegum gildum og kærleika eru notaðar til að aðstoða einstaklinginn til þess að fá dýpri skilning á daglegum viðfangsefnum og athöfnum, hann er hvattur til að setja sér markmið og veitt aðstoð við að ná þeim.

Hugmyndafræðin byggir á fjórum grunnstoðum hvað varðar samskipti en þær eru: *Traust/tengsl, veita kærleika og taka á móti kærleika ásamt þátttöku í eigin lífi*. Hún á því góðan samhljóm við hugmyndafræði valdeflingar.

Á árinu 2015 lauk öðrum hluta þjálfunar tuttugu og þriggja fagaðila (mentora) í þjónandi leiðsögn. Þjálfunin sem hófst árið 2014 miðaðist við að dýpka skilning á hugmyndafræðinni, fylgja því eftir að innleiðingarferlið skili sér til notenda og veita ráðgjöf og stuðning til starfsmanna. Ferlið hófst með námskeiði sem Michael Vincent og Kristinn Már Torfason héldu í maí 2014. Michael er bandarískur sálfræðingur sem hefur áratuga reynslu af kennslu og innleiðingu á hugmyndafræðinni og Kristinn Már hefur verið frumkvöðull í innleiðingu hugmyndafræðinnar á Íslandi. Hópurinn hefur hist reglulega og þjálfunarferlinu lauk í maí árið 2015 með öðru námskeiði hjá Michael. Tilgangur þjálfunarinnar er að á hverri starfsstöð verði fagmenn með góða þekkingu á hugmyndafræðinni til að tryggja að hún verði virk í daglegum viðfangsefnum og lífi þeirra sem við þjónustum. Um leið og fyrsti mentorahópurinn lauk þjálfuninni fór af stað nýr hópur, alls 56 einstaklingar sem koma alls staðar að af landinu, auk fólks úr þjónustu búsetudeildar. Þeir sem koma annars staðar frá greiða fyrir þáttökuna en þjálfuninni mun ljúka í apríl 2016 og þá höfum við góðan hóp fagmanna sem á landsvísu mun styrkja þann grunn sem við byggðum upp hér á Akureyri.

Allir starfsmenn búsetudeildar fengu tækifæri til að sitja fyrirlestra og fá þjálfun í notkun hugmyndafræðinnar í starfi. Boðið var uppá 4 klukkustunda þjálfun sem skiptist í tvo hluta og mun seinni hluti þess verkefnis fara fram í mars 2016. Hlutverk mentoranna er að fylgja eftir og leiðbeina starfsmönnum með hvaða hætti markmiðum hugmyndafræðinnar verði náð í þjónustunni.

Samstarf við erlenda aðila og stofnanir hafa á síðustu árum aukist mikið. Nú þegar eru nokkrir fagmenn búsetudeildar í samstarfi við marga erlenda aðila sem hafa í áratugi haft þjónandi leiðsögn sem grunnhugmyndafræði í allri sinni þjónustu og eru leiðandi á alþjóðavísu. Þannig hefur starfsfólk náð að þróa og dýpka skilning sinn á hugmyndafræðinni með áherslu á að hún skili sér inn í þjónustu deildarinnar. Starfsfólk hefur einnig náð að bera þjónustuna saman við það sem er að gerast annars staðar í heiminum og séð að á Akureyri hefur náðst góður árangur, ekki síst hvað varðar þjónustu við einstaklinga sem eru með flóknar atferlisraskanir. Starfsfólk búsetudeildar hefur því margt fram að færa til alþjóðasamfélagsins. Náð samstarf er við aðila í Bandaríkjunum, Kanada, Belgíu, Danmörku og Hollandi. Þess utan eru tengsl við önnur lönd s.s. Brasilíu, Puerto Rico og Japan.

Árlega er haldin alþjóðleg ráðstefna Gentle Teaching samtakanna. Búsetudeild hefur átt fulltrúa á henni frá árinu 2012. Þátttakan hefur opnað ýmsar dyr, bæði til dýpri faglegrar þekkingar auk þess að koma á samskiptum við fólk og stofnanir víðsvegar um heim. Þátttakendur frá deildinni hafa einnig haldið fyrirlestra á ráðstefnunum. Það eru spennandi tímar framundan því ákveðið hefur verið að haustið 2016 verði alþjóðlega ráðstefnan haldin á Akureyri og mun búsetudeild ásamt Öldrunarheimilum Akureyrar standa að henni. Aukinn áhugi er um allt land fyrir þeirri leið sem við höfum farið og hafa fulltrúar búsetudeildar kynnt og haldið fyrirlestra víða og finna greinilega fyrir miklum áhuga á þessari nálgun. Lífsgæði þeirra sem þjónustuna nota hafa aukist til muna. Það hefur komið fram bæði hjá íbúum og þeirra aðstandendum, auk þess sem starfsmenn sjá stóran mun á líðan og lífi íbúa.

Auk þess hafa starfsmenn búsetudeildar haldið fyrirlestra og námskeið um hugmyndafræðina víða um land og er síaukinn áhugi á því starfi sem við höfum unnið frá árinu 1992. Í ársbyrjun

2016 mun Dr Anthony McCrowitz heimsækja okkur og leiðbeina en hann hefur áratuga reynslu í vinnu með fötluðum og nýtir sér þjónandi leiðsögn í því starfi.

2.2. Umsóknir um húsnæði fyrir fatlað fólk

Tekið er á móti öllum umsóknum um húsnæði hjá húsnæðisdeild Akureyrarbæjar, hvort heldur er um að ræða húsnæði í almennum félagslegum leiguíbúðum eða sérútbúið húsnæði fyrir fatlað fólk. Í úthlutunarnefnd situr einn fulltrúi búsetudeildar og ef húsnæði sem er sérstaklega ætlað fyrir fatlað fólk losnar, er kallaður saman sérstakur hópur sem gerir tillögur um úthlutun.

Umsóknir um áfangaheimili berast þó til búsetudeildar, þar sem ekki er um eiginlegt húsnæðisúrræði að ræða heldur tímabundið úrræði fyrir fólk sem er að vinna að markmiðum sínum með það að takmarki að geta fótað sig í lífinu með litlum eða engum stuðningi í framtíðinni.

2.3 Markviss

Undanfarin ár hafa starfsmenn búsetudeildar tekið þátt í verkefninu „Markviss“ á vegum SÍMEY, Símenntunarmiðstöðvar Eyjafjarðar. „Markviss“ metur fræðsluþörf starfsmanna og í kjölfarið er sett upp fræðslutilboð til að mæta þörfinni. Haustið 2015 var haldið námskeið í lögum um réttindagæslu fyrir fatlað fólk þar sem starfsmenn frá Velferðarráðuneytinu kynntu löginn. Enn fremur fóru starfsmenn á skyndihjálparnámskeið sem haldið var í samvinnu við Rauða krossinn.

2.4. SIS mat

Samræmt mat á landsvísu, SIS mat, á þjónustupörfum fullorðins fatlaðs fólks var sett af stað 2009 – 2010, þá sem rannsóknarverkefni. Síðan þá hafa flestir þeir sem eru með viðamikla þjónustu eða eru á biðlista eftir þjónustu farið í mat og á árinu 2015 voru 123 einstaklingar í þjónustu með SIS mat, allir á Akureyri. Á árinu fóru fyrstu börnin í SIS - C mat, alls 15 börn en verið er að þróa matstækið út frá íslenskum aðstæðum og niðurstaða úr því er ekki komin.

SIS flokkar	12A	12B	12	11	10	9	8	7	6	5	4	3	2	1	Alls
fj. einst. 2012	7	4	2	3	15	8	4	7	4	5	16	6	4	1	86
fj. einst. 2013	7	5	4	6	16	15	5	9	4	7	18	6	5	1	108
fj. einst. 2014	13	7	6	10	9	17	9	13	7	7	14	4	1	1	118
fj. einst. 2015	13	6	8	10	9	17	10	11	7	9	19	3	0	1	123

Tafla 2

SIS matið er þannig byggt upp, sjá töflu 2, að flokkarnir eru 12 og einnig er metin sérstök þjónustupörf vegna heilsu og atferlis. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga veitir framlag vegna þeirra sem falla undir flokka 4 - 12. Alls voru u.þ.b. 499 á skrá sem fengu einhverja sérhæfða þjónustu út frá lögum um málefni fatlaðs fólks. Þeir fullorðnu einstaklingar sem ekki hafa farið í SIS mat eru rúmlega 200. Ekki er gert ráð fyrir að allir sem fá sérhæfða þjónustu úr málaflokki fatlaðra fari í SIS mat og á það við þá einstaklinga sem eru í lítilli þörf fyrir sérhæfða þjónustu.

2.5. Heimaþjónusta

Heimaþjónusta er fyrir þá sem búa í heimahúsum og geta ekki hjálparlaust séð um heimilishald, persónulega umhirðu og nauðsynlegar athafnir daglegs lífs vegna skertrar getu, fjölskyldu-aðstæðna, álags, veikinda, barnsburðar, fötlunar eða af öðrum ástæðum sem metnar eru gildar samkvæmt þeim reglum sem Velferðarráð Akureyrar hefur sett.

Heimaþjónusta tekur til eftirfarandi þátta:

- Aðstoð við eigin umsjá.
- Aðstoð við heimilishald.
- Félagslegs stuðnings.
- Aðstoðar við umsjá veikra eða fatlaðra barna.
- Heimsendingar matar.
- Ráðgjöf iðjuþjálfunar.

Markmið heimaþjónustu er að veita aðstoð til sjálfshjálpar þegar því verður við komið. Þannig getur í sumum tilvikum verið um tímabundna þjónustu að ræða. Sérstakur matshópur fundar vikulega og tekur ákvörðun um veitta þjónustu út frá sérstöku mati sem lagt er fyrir þá sem sækja um.

Félagsleg heimaþjónusta hefur aukist jafnt og þétt í takt við þá stefnu að sem flestir geti búið á eigin heimili í stað þess að vistast á stofnun vegna öldrunar, sjúkdóma eða fötlunar. Heimaþjónusta er veitt allan sólarhringinn, alla daga ársins, en næturvaktin er samstarfsverkefni heimaþjónustu og heimahjúkrunar sem sér um framkvæmd þjónustunnar. Þjónustan skiptist í tvo hluta; almenna heimaþjónustu og sértæka heimaþjónustu.

Almenn heimaþjónusta sinnir þeim sem þurfa allt að 10 klst. aðstoð á viku og öllum þeim sem eru eldri en 67 ára og þurfa aðstoð. Það er sú þjónusta sem veitt er samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga.


Sértæk heimaþjónusta sér um þjónustu við þá sem þurfa meira en 10 tíma á viku. Það er sú þjónusta sem tilgreind er í 5. gr. reglugerðar um þjónustu við fatlað fólk á heimili sínu. Samkvæmt reglugerðinni metur teymi fagfólks sérstaka stuðningsþörf umsækjanda. Teyminu er ætlað að meta heildstætt þörf þeirra sem þurfa á þjónustu, sem veitt er á grundvelli laganna, að halda og hvernig, koma megi koma til móts við þarfir þeirra. Við matið skal teymi fagfólks nota verklag og viðmiðanir sem tryggja að stuðningsþörf sé metin með samræmdum heildstæðum hætti í samráði við umsækjendur og aðstandendur.

Starfstöðvar heimaþjónustunnar eru nokkrar, en þær stærstu eru að Bugðusíðu 1 og í húsnaði Íþróttahallarinnar við Skólástíg. Í Skólástíg er einnig starfsstöð heimahjúkrunar og er mikið samstarf þar á milli. Stöðugildi 2015 í heimaþjónustu voru 46.2 og fjöldi starfsmanna 66.


2.6. Almenn félagsleg heimaþjónusta

Á árinu 2015 fengu 620 heimili almenna félagslega heimaþjónustu sem er enn aukning frá því síðastliðið ár og í samræmi við reglulega aukningu undanfarinna ára. Eins og sést á mynd 3, og í samræmi við reglur og samfélagslega þróun, þá er aldrei fólk stærsti hópur þeirra sem fær almenna félagslega heimaþjónustu. Þess skal þó getið að í þessum tölum reiknast aldrei frá 65 ára aldri. Af þeim 474 heimilum aldrið sem fengu heimaþjónustu voru íbúar 297 heimila 80 ára og eldri. Á þeim heimilum bjuggu 382 einstaklingar og jafngildir það að 53 % 80 ára og eldri

á Akureyri hafi haft almenna félagslega heimaþjónustu. Almenn félagsleg heimaþjónusta er veitt alla daga ársins.




Mynd 2 – Fjöldi heimila með almenna félagslega heimaþjónustu 2008-2015



Mynd 3 – Hlutfall karla og kvenna á Akureyri 65 ára og eldri sem fá heimaþjónustu


Eins og sést á myndinni hér fyrir ofan þá er hlutfall kvenna sem er með heimaþjónustu á Akureyri heldur hærri en hlutfall karla í aldursflokkinum 65 ára og eldri. Aukning þjónustunnar á milli áranna 2014 og 2015 hjá elstu þjónustuþegunum er töluverð og er 21 % aukningu hjá konum og 22 % hjá körlum.

Þegar fjöldi vinnustunda (mynd 5) er borinn saman við fjölda þjónustunotenda (mynd 3) kemur í ljós að vinnustundir á hvern aldraðan einstakling eru mun færri en hjá öryrkjum. Vert er að benda á verulega aukningu vinnustunda á milli áranna 2014 til 2015.



Mynd 4 – Fjöldi vinnustunda í heimaþjónustu skipt eftir þjónustuhópum 2008-2015


Þegar vinnustundir eru betur skoðaðar kemur í ljós að heldur fækkar þeim sem eingöngu eru veittar í þrif en fjölgar þeim sem er varið í fjölbreyttari þjónustu. Þeir sem fá heimsendan mat og eru með þrif teljast fá bæði þrif og persónulega þjónustu.



Mynd 5 – Fjöldi vinnustunda á ári eftir verkum

2.6.1. Ráðgjöfin heim

Ráðgjöfin heim er hluti af almennri félagslegri heimaþjónustu og er ætluð fullorðnum fötluðum einstaklingum í sjálfstæðri búsetu. Markmið þjónustunnar er að veita faglega ráðgjöf og aðstoða einstaklinga með fötlun af margvíslegum toga við að takast á við ýmis verkefni daglegs lífs bæði á heimili og úti í samfélaginu. Mikil áhersla er lögð á valdeflingu þ.e. ráðgjafinn veitir stuðning og fræðslu sem miðar að því að notendur þekki rétt sinn og möguleika til þátttöku í samfélaginu og öðlist meira vald yfir lífi sínu. Á árinu 2015 fengu 33 einstaklingar þjónustu ráðgjafarinnar heim, 23 konur og 10 karlar.




Mynd 6 – Fjöldi sem fengu aðstoð ráðgjafarinnar heim

Ekki hefur tekist að sinna öllum beiðnum um þjónustu og um áramót voru nokkrir einstaklingar á biðlista. Við ráðgjöfina heim störfuðu á árinu þrír iðjuþjálfar í 2,1 stöðugildum

2.6.2. Gránufélagsteymi

Gránufélagsteymi er hluti af almennri félagslegri heimaþjónustu og er fyrir einstaklinga með geðfötlun og viðvarandi vímuefnavanda. Þjónustan felst í því að starfsmenn eru til aðstoðar frá kl. 10:00 til kl. 22:00 alla daga vikunnar. Unnið er eftir hugmyndafræði skaðaminnkandi nálgunar en hún felst í því að draga úr heilsufars-, félags- og efnahagslegum afleiðingum vímuefnaneyslu. Íbúarnir þurfa mjög mismunandi þjónustu en reynt er að mæta hverjum og einum þar sem hann er staddur. Á árinu 2015 fengu 27 einstaklingar þjónustu frá Gránufélagsteyminu og hefur fjöldinn minnkað frá 2014. Allir þjónustunotendur eru karlar. Mjög misjafnt er hversu mikla þjónustu hver og einn fær og er misjafnt eftir tímabilum.




Mynd 7 – Fjöldi sem fengu aðstoð Gránufélagsteymis

Starfandi er fagteymi geðlæknis, félagsráðgjafa, þroskajálfa og forstöðumanns sem er iðjupjálfi. Hlutverk þess er að móta þjónustuna og vera til ráðgjafa um það sem upp kemur í starfseminni. Forstöðumaður búsetuþjónustu fyrir geðfatlaða stýrir þjónustunni þó svo að hún sé hluti af félagslegri heimaþjónustu.

Frekari upplýsingar um Ráðgjöfina heim og Gránufélagsteymið eru í heildartölum um almenna félagslega heimaþjónustu, fjölda þjónustunotenda, fjölda vinnutíma og í tölum um kostnað.

2.6.3. Heildarkostnaður við almenna félagslega heimaþjónustu




Mynd 8 – Kostnaður við almenna félagslega heimaþjónustu 2005-2015 á verðlagi ársins 2015

Eins og sjá má á mynd 9 hafa útgjöld til heimaþjónustu hækkað þegar miðað er við kostnað á verðlagi ársins 2015. Við útreikning á kostnaði er notuð launavísitala en laun starfsmanna er stærsti gjaldaliður heimaþjónustu. Raunkostnaður á hverja unna klukkustund árið 2015 var um

4.459 krónur. Í þeirri tölu er einnig kostnaður við húsnæði og annar kostnaður sem fellur til við þjónustuna.

2.7. Sértek heimabjónusta

Árið 2015 fengu 35 einstaklingar sérteka heimabjónustu (frekari liðveislu) á Akureyri og einn utan Akureyrar, en Akureyrarbær sér um að veita þá þjónustu. Af þeim voru 23 sem fengu meira en 10 klst. þjónustu á viku.




Mynd 9 – Sértek heimabjónusta (>10 tímar á viku) 2008-2015

Eins og sjá má á mynd 10 hefur orðið töluverð aukning í sértekri heimabjónustu (frekari liðveislu) á undanförunum árum. Sífelld fleiri sem fatlast seinna á lífsleiðinni kjósa að búa heima í stað þess að flytjast á stofnun þrátt fyrir mikla þjónustuþörf. Því eru nokkur heimili þar sem veitt er allt að sólarhringsþjónusta alla daga ársins. Ef þörf er á þjónustu heimahjúkrunar er hún skipulögð í samvinnu við heimabjónustu. Aðilar skipta með sér verkum en sumum verkum sinna starfsmenn heimahjúkrunar og heimabjónustu saman. Mikil samvinna er við heimahjúkrun í allmörgum tilfellum. Fækkun tíma á milli ára skýrist af fráfalli tveggja þjónustuþega.


2.8. Heimsendur matur

Heimabjónustan sér um heimsendingu matar til þeirra sem vegna veikinda eða skertrar færni geta ekki eldað sjálfir. Þjónustan er í boði alla daga ársins. Maturinn er keyptur frá eldhúsi Hlíðar. Bifreiðastöð Oddeyrar sér um útkeyrslu á heimsenda matnum til kaupenda. Alls nýttu 146 heimili sér heimsendan mat á árinu sem skiptist þannig að 124 flokkuðust sem heimili aldraðra en 22 heimili öryrkja. Fjöldi bakka sem þessi heimili fengu voru 17.027. Eins og sjá má á mynd 11 fækkaði þeim einstaklingum sem fengu heimsendan mat á árunum frá 2011 til 2015 en sú þróun gæti verið að snúast aftur miðað við fjölda einstaklinganna 2015 samanborið við fyrri ár. Þrátt fyrir að einstaklingum sem fá heimsendan mat, hafi fækkað á undanförunum árum þá heldur áfram aukning í fjölda seldra matarbakka.



Mynd 10 – Heimsendur matur 2005-2015, fjöldi bakka og fjöldi notenda

Kostnaður við heimsendan mat hefur verið nokkuð stöðugur á milli ára og hlutfall á milli kostnaðar bæjarins og neytenda hefur haldist nokkuð jafnt frá árinu 2007. Þó hefur niðurgreiðsla bæjarins á hvern bakka aðeins hækkað á milli ára eins og sjá má á mynd 12.



Mynd 11 – Þátttaka bæjarins og neytenda í greiðslum á heimsendum mat

3. Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA)

Í desember 2012 samþykkti Akureyrarbær reglur um notendastýrða persónulega aðstoð. Reglurnar byggðu á leiðbeinandi reglum sem gefnar voru út af velferðarráðuneytinu fyrir sveitarfélög að styðjast við. Verkefnið er samvinnuverkefni fjölskyldudeildar og búsetudeildar. Fyrstu samningarnir sem gerðir voru út frá nýju reglunum voru fjórir vegna fimm einstaklinga og höfðu allir nema einn verið með þjónustusamning áður. Á árinu 2015 voru gerðir sambærilegir samningar og árið áður, alls fimm samningar vegna sex einstaklinga. Um er að ræða þrjá fullorðna og þrjú börn.

NPA er tilraunaverkefni sem átti að ljúka í árslok 2014 en búið er að framlengja það um tvö ár eða til ársloka 2016.


Það er ljóst að þetta þjónustuform hentar hópi fólks vel. Þróun samningagerðar mun halda áfram og einnig þarf að vinna áfram við að finna bestu lausnirnar varðandi það skilaform sem Akureyrarbær gerir kröfur á varðandi fjárhagsleg skil en það hefur verið þróað í samvinnu við fjárreiðudeild bæjarins.

4. Ráðgjöf iðjupjálfa

Búsetudeild býður þjónustu iðjupjálfa. Markmiðið með iðjupjálfun er að efla færni, heilsu og vellíðan einstaklingsins í samræmi við þarfir, getu og langanir hans þannig að hann verði eins sjálfbjarga og mögulegt er við þá iðju sem honum er mikilvæg. Þörf er á iðjupjálfun þegar einstaklingar ná ekki að sinna daglegri iðju á fullnægjandi hátt eftir að færni hefur breyst í kjölfar sjúkdóms eða annars áfalls.

Iðjupjálfi veitir ráðgjöf á sviði endurhæfingar, heilsueflingar, vinnuvistfræði og hjálpartækjamála. Hann tekur þátt í mati á heimaþjónustu og annarri þjónustu sem sótt er um til deildarinnar og veitir einnig fræðslu til stofnana og samstarfsfólks. Nán samvinna er við heimahjúkrun, sjúkrahúsið á Akureyri og aðra sem koma að málefnum þeirra sem njóta þjónustunnar. Iðjupjálfi fer á heimili fólks og metur færni þess með tilliti til athafna daglegs lífs, metur þörf á hjálpartækjum, kennir á þau, veitir ráðgjöf, sinnir eftirfylgd og fleira.

Árið 2015 voru tveir iðjupjálfar í 1,8 stöðugildum. Veitt er sérhæfð þjónusta fyrir börn, unglinga, fjölskyldur þeirra, fullorðna og aldraða. Helstu verkefni ársins hafa verið tengd hjálpartækjamálum ásamt ýmiss konar ráðgjöf.



Mynd 12 – Fjöldi beiðna um ráðgjöf iðjupjálfa 2005-2015

Árið 2015 fengu 153 einstaklingar ráðgjöf sem er aukning frá árinu á undan (mynd 13). Meðalaldurinn var 70 ár en aldursbilið er frá fimm ára upp í 94 ára.

5. Heilsueflandi heimsóknir til aldraðs fólks

Heilsueflandi heimsóknir er þjónusta sem felst í því að öllum 75 ára og eldri, sem búa heima og ekki njóta umfangsmikillar þjónustu, er árlega boðin heimsókn heilbrigðisstarfsmanns auk þess sem starfsmenn hafa símatíma alla virka daga. Þjónustan er greidd af rekstri heilsugæslunnar og nær til alls upptökusvæðis Heilsugæslustöðvarinnar á Akureyri. Markmið heimsóknanna er að viðhalda heilbrigði og sjálfstæði sem lengst, efla sjálfstraust og auka öryggiskennd, jafnframt að veita ráðgjöf og upplýsingar um ýmsar lausnir á algengum vandamálum svo og þjónustu sem í boði er. Þjónustan færðist 1. júní til Heilbrigðisstofnunar Norðurlands.


6. Félagsleg liðveisla

Félagsleg liðveisla er ætluð þeim sem þurfa félagslegan stuðning með það að markmiði að rjúfa félagslega einangrun og styrkja viðkomandi einstaklinga í félagslegum samskiptum. Markmið er að auka færni einstaklinga til að njóta menningar og félagslífs.


Þjónustu í formi félagslegrar liðveislu fengu 116 einstaklingar um lengri eða skemmri tíma, 34 konur 18 ára og eldri og 44 karlar 18 ára og eldri fengu liðveislu á árinu, 9 stúlkur undir 18 ára og 28 drengir undir 18 ára aldri.

Flestum einstaklingum er úthlutað 10 tímum á mánuði. Einstaklingar sem einnig eru með frekari liðveislu (Heimaþjónustu B) fengu yfirleitt 8 tíma á mánuði. Nokkrir einstaklingar fengu fleiri en 10 tíma á mánuði þar sem talin var þörf á aukinni þjónustu fyrir viðkomandi aðila.

Algengast er að einn starfsmaður annist félagslega liðveislu við hvern einstakling en á árinu var einnig veitt félagsleg liðveisla í fjóra hóp. Hópliðveisla er veitt á sundæfingum hjá sundfélaginu Óðni, ásamt því að stuðningur er við einhverfuhóp í Rósenborg. Til að koma á mótí biðtíma eftir liðveislu var boðið upp á hópastarfi í Rósenborg fyrir drengi á aldrinum 10 til 16 ára sem ekki nutu þjónustu félagslegrar liðveislu. Alls tóku 16 drengir þátt í hópastarfinu á árinu, 7 í yngri hóp (f. 2003-2005) og 9 í eldri hóp(f. 1999-2002). Heildartímafjöldi á árinu 2015 var 8105,5 tímar, hér eru ekki liðveislutímar í þjónustukjörnum taldir með. Í þessum tölum eru taldir tímar seldir öðrum sveitarfélögum.



Mynd 13 – Fjöldi einstaklinga með félagslega liðveislu, 18 ára og eldri.




Mynd 14 – Fjöldi einstaklinga með félagslega liðveislu, yngri en 18 ára.

7. Búsetuþjónusta fyrir fatlað fólk

Sértæk búsetuþjónusta fyrir fatlað fólk er mjög fjölbreytt. Á síðasta ári naut 61 einstaklingur þjónustunnar. Þar af bjuggu sex á áfangaheimili sem er tímabundin búseta fyrir fólk með geðraskanir, þar er veittur stuðningur og aðstoð sem miðar að því að fólk geti lifað án eða með lítilli aðstoð í framtíðinni. Aðrir búa í þjónustukjörnum eða sambýlum. Að auki voru 33 einstaklingar sem fengu sértæka heimaþjónustu/frekari liðveislu sem er meira en 10 klst. á viku en um þá þjónustu var fjallað sérstaklega í kafla hér að framan. Sameiginlegt öllum þeim sem fá þessa þjónustu er að þeir hafa farið í SIS mat þar sem lagt er mat á þörf fyrir aðstoð og fær Akureyrarbær greitt úr Jöfnunarsjóði samkvæmt niðurstöðu þess.

Á myndinni hér að neðan má sjá hver þróunin hefur verið í búsetumálum fatlaðs fólks síðustu 10 ár en helsta breytingin er að þeim fækkar sem búa á sambýlum en fjölga sem búa í þjónustukjörnum og einnig fá fleiri íbúar frekari liðveislu eða aðstoð meira en 10 tíma á viku.



Mynd 13 – Samsetning búsetuþjónustu fyrir fatlað fólk 2005-2015

7.4. Þjónustukjarnar og sambýli

Í þjónustukjörnum og sambýlum fær fatlað fólk aðstoð við að halda heimili og taka virkan þátt í samfélaginu eftir getu og óskum hvers og eins. Fyrst eftir að stofnanir eins og Sólborg lokuðu voru keypt stór einbýlishús og þar bjuggu saman í hefðbundnum fjölskylduhúsum fjórir til sjö fatlaðir einstaklingar. Þar sem húsnæðið var ekki byggt með þessa starfsemi í huga voru herbergin lítil og misjöfn að stærð og oftar en ekki eitt salerni fyrir alla íbúa og starfsfólk. Við það bættist að í fæstum tilfellum höfðu íbúar eitthvað um það að segja hvort þeir vildu svo náði sambýli. Því hefur það lengi verið baráttumál hagsmunasamtaka fatlaðra að bæta búsetuþjónustu við þennan hóp þannig að hver og einn hafi einkarými sem stenst lágmarkskröfu byggingareglugerðar. Í lok desember 2015 var þó enn búseta í fjórum herbergjasambýlum. Eitt húsið tóku ættingjar og talsmenn íbúa á leigu fyrir þeirra hönd og er því ekki eitt af úrræðum Akureyrarbæjar þó svo það sé talið með hér þar sem þjónusta þar er veitt af bæjarfélaginu. Tvö voru byggð sem sambýli, að Hafnarstræti 16 og Snægili 1, á níunda áratug síðustu aldar og þóttu þá mikið framfaraspor. Í þeim húsum eru öll herbergin rúmgóð og í öðru eru salerni og baðaðstaða inn af herbergjum. Þriðja húsið er hefðbundið fjölskylduhús þar sem fimm fullorðnir einstaklingar búa saman.

Þjónustukjarnar eru nokkrar íbúðir sem eru undir sama þaki eða stutt á milli þeirra. Í sumum tilfellum er sameiginlegt rými fyrir íbúa og/eða starfsmannaaðstaða. Mjög misjafnt er hversu mikla þjónustu og stuðning íbúarnir fá en það fer eftir þörfum hvers og eins. Þeir sem þurfa minnstu þjónustuna fá aðeins stuðning nokkrum sinnum í viku, aðrir þurfa mun meira. Þeir einstaklingar í þjónustukjarna eru í öryggisvistun þ.e. hafa verið dæmdir til hennar. Íbúðirnar eru sérstaklega hannaðar með þetta í huga auk þess sem mönnun tekur mið af þeirri þjónustu. Til að mæta misjöfnum þjónustuþörfum er gerður þjónustusamningur við íbúa þar sem fram kemur hversu mikinn stuðning hver og einn þarf bæði innan og utan heimilis, við hvaða verkefni og hversu oft.


		2013		2014		2015	
Tegund búsetu		Íbúar	Stöðu- gildi	Íbúar	Stöðu- gildi	Íbúar	Stöðu- gildi
Klettatún	Íbúðakjarni	7	8	8	8	8	8,5
Borgargil	Íbúðakjarni					6	14
Geislatún	Íbúðasambýli	4	9,9	5	9,9	5	9,9
Hafnarstræti	Herbergjasambýli	4	9,1	5	9,1	5	9,1
Jörvabyggð	Herbergjasambýli	5	2	6	2	6	2
Þrastarlundur	Íbúðasambýli	7	16	7	16	7	16
Snægil	Herbergjasambýli	6	9,4	6	9,4	6	9,4
Dvergagil	Herbergjasambýli	4	6,5				
Kjalarsíða	Íbúðakjarni	7	9,7	7	9,7	6	7,9
Hafnarstræti	Íbúðakjarni/öryggisgæsla	4	10	9	10	9	16,2
Hamratún	Áfangaheimili	5	4,1	6	4,1	6	4,1
Vallartún	Íbúðakjarni	5	8,6	5	8,6	5	8,6
Skútagil	Íbúðakjarni	6	4,1	6	4,1	6	4,1
Búsetuþ. við Glerá	Herbergjasambýli	4	3,9	4	3,9	4	3,9
Samtals		68	101,3	74	94,8	79	113,7

Tafla 3 – Sambýli og þjónustukjarnar

Undanfarin ár hafa nokkrir einstaklingar, sem þurfa umtalsverða þjónustu, flust nálægt þjónustukjarna. Á þann hátt er hægt að veita ráðgjöf, þjónustu, stuðning og öryggi sem felst í því að vera í mikilli nálægð við sólarhringsþjónustu án þess að flytja inn í þjónustukjarnann.

Unnið er samkvæmt hugmyndafræði valdeflingar og þjónandi leiðsagnar en þá er lögð áhersla á að leita eftir vilja einstaklingsins og láta valdið í hans hendur. Stuðningurinn er framkvæmdur á forsendum þess sem hann fær en ekki þess sem veitir.

Í töflu 3 sést hvaða þjónustukjarnar og sambýli hafa verið starfrækt frá árinu 2012, hversu margir búa á hverjum stað og fjöldi stöðugilda.




Mynd 16-Sértæk búsetuþjónusta og frekari liðveisla

7.4.1. Áfangaheimili

Í Hamratúni er áfangaheimili fyrir geðfatlað fólk, fimm íbúðir til búsetu og ein íbúð er til sameiginlegrar notkunar. Sex einstaklingar bjuggu þar árið 2015. Búseta þar er tímabundin og setja íbúar sér markmið með dvölinni sem miðar að því að þeir geti lifað án eða með lítilli aðstoð í framtíðinni. Mikið og gott samstarf er við geðdeild sjúkrahússins á Akureyri sem veitir stuðning og ráðgjöf.

7.5. Biðlistar eftir búsetuþjónustu

Á biðlista eftir búsetu var 31 einstaklingur í árslok 2015. Tuttugu voru á bið eftir þjónustukjarna en 13 á bið eftir áfangaheimili.



Mynd 14 – Virkur biðlisti eftir sértækri búsetu með þjónustu


8. Skammtíma- og skólavistun



Mynd 15 – Húsnæði skammtíma- og skólavistunar að Þórunnarstræti

Þann 1. mars 2014 fluttu skammtíma- og skólavistun í Árholti í Gamla húsmæðraskólann við Þórunnarstræti 99. Aðbúnaður þar er allur hinn besti og notendur þjónustunnar eru mjög ánægðir. Mikill munur er fyrir stóran hóp notenda sem oft fór á milli þessara tveggja staða, að þjónustan er nú öll á sama stað. Í dag er lífið mun einfaldara og léttara og notendur hlakka til að koma. Vorið 2015 var lokið framkvæmdum við garðinn í kringum húsið en lögð er áhersla á hvers kyns útivist í þjónustunni.

Skammtímaþjónusta fatlaðs fólks er stoðþjónusta þar sem fjölskyldur barna með verulega fötlun eiga kost á því að börnin njóti tímabundinnar dvalar þegar þörf krefur. Sama gildir um ungmenni og fullorðið fatlað fólk sem enn býr í foreldrahúsum. Skammtímaþjónusta býður upp á neyðarvistun ef óvænt atvik eða áföll koma upp hjá fjölskyldum notenda. Í skammtímaþjónustu var alls 21 einstaklingur á árinu, átta voru yngri en 18 ára en þrettán fullorðnir. Undanfarin ár hafa eldri notendur farið í búsetuúrræði og yngri börn komið inn sem þurfa mikla þjónustu. Vistunarsólarhringar skammtímaþjónustu árið 2015 voru 1401, þar af 57 neyðarvistunarsólarhringar. Boðið er upp á skólavistun frá kl. 13:00 - 17:00 virka daga fyrir börn/ungmenni á aldrinum 10-20 ára sem eru með skilgreinda mikla fötlun. Yfir sumartímann er einnig í boði vistun fyrir sama markhóp en 6 – 9 ára börn bætast við. Í boði eru ýmis tómstundatilboð, frjáls leikur, útvera og vettvangsferðir. Alls nýttu 18 börn og fjölskyldur þeirra sér þessa þjónustu árið 2015 í samtals 2191 dag.



Mynd 16 – Skammtíma- og skólavistun 2005-2015

Markmið skammtíma- og skólavistunar:

- Skapa aðstæður sem gefa fötluðum gestum kost á að kynnast og umgangast aðra gesti í gegnum leik og starf.
- Gestirnir séu þátttakendur í öllum störfum svo sem mögulegt er.
- Þjálfun fléttist á eðlilegan hátt inn í leik og dagleg störf
- Hver og einn gestur fái notið sín á eigin forsendum.
- Upplyfting og skemmtun sé við hæfi hvers og eins.

Markmið skóla- og sumarvistunar:

- Lögð er áhersla á að vistunin sé fastur punktur í tilverunni, þar sem gott er að koma og dvelja við skapandi störf og leiki að skóladegi loknum.
- Hlúð er að grunnþörfum barnanna með virkri þátttöku þeirra. Með virkri þátttöku er átt við að ýtt er undir sjálfsbjargargetu í athöfnum daglegs lífs með einstaklingsmiðaðri þjónustu.
- Skapa börnunum skilyrði til að efla félagsfærni sína.
- Vera í virku samstarfi við skóla og heimili.

Í skammtíma- og skólavistun er lögð áhersla á fjölbreytni og skemmtun. Þjónustan er skipulögð út frá því að mæta gestum á einstaklingsgrundvelli og nýta þeirra styrkleika. Horft er á mikilvægi þess að viðhalda og auka þá færni sem er til staðar í gegnum leik. Lögð er áhersla á útivist, hreyfingu og skapandi starf eins og hægt er fyrir hvern og einn.